

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir.

- Breyting á deiliskipulagi Nesjavallavirkjunar.*
Í breytingunni felst lagning jarðstrengs frá tengivirki við stöðvarhús og áfram með Nesjavallaæð og að auki er afmarkað svæði fyrir viðbótar niðurrennslisholur. Samþykkt í sveitarstjórn 8. maí 2008.
- Breyting á deiliskipulagi Miðengis.*
Í breytingunni felst að íbúðarhúsalóð nr. 1 stækkar úr 1600 m² í 1800 m². Ennfremur er gert ráð fyrir 240 m² byggingarreit fyrir bílskúr á lóðinni en skúrinn má vera allt að 100 m² að grunnfleti. Samþykkt í sveitarstjórn 5. júní 2008.
- Deiliskipulag Borgarhólsbrautar 24, 24a og 24b í landi Vaðness, frístundabyggð.*
Í deiliskipulaginu felst að lóðinni nr. 24 við Borgarhólsbraut er skipt upp í þrjár lóðir og markaður byggingarreitur innan þeirra allra. Heimilt er að byggja 100 m² hús og 15 m² aukahús en mesta hæð mænis er 6 m frá jörðu. Samþykkt í sveitarstjórn 13. október 2004.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. júlí 2008.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,
Pétur Ingi Haraldsson.